

Ed.

446. Frumvarp til laga

[136. mál]

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

(Eftir 3. umr. í Nd., 2. apríl.)

1. gr.

Á árinu 1966 greiðir ríkissjóður fiskseljendum 25 aura verðuppbót á hvert kíló línu- og handfærafisks. Þessi upphæð kemur til skipta milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samningum um hlutaskipti.

Heimilt er að greiða viðbótaruppbót á línu- og handfærafisk, veiddan á tíma-
bilinu frá 1. júlí 1965 til 31. desember 1965, umfram þá 25 aura á hvert kíló, sem ákveðið var með lögum nr. 34 8. maí 1965, að ríkissjóður skyldi greiða.

Heildaruppbætur á línu- og handfærafisk á árinu 1965 skulu þó ekki fara fram úr 22 milljónum króna.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram 50 millj. kr. á árinu 1966, er verja skal til framleiðni-
aunningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Stofn-
lánadeild sjávarútvegsins úthlutar fé þessu til tiltekinna framkvæmda í samráði
við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, eftir reglum, sem sjávarútvegs-
málaráðherra setur.

3. gr.

Á árinu 1966 heimilast að greiða úr ríkissjóði til skreiðarframleiðenda 10 millj.
kr. til verðuppbóta á útflutta skreiðarframleiðslu, eftir reglum, sem sjávarútvegs-
málaráðherra setur.

4. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðn-
um vegna aflabrests 1965 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að
setja um þetta nánari reglur, með samþykki sjávarútvegsráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 34 8. maí 1965,
um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.